

150 REYKJAVÍK

Vegna fyrirspurnar háttvirts þingmanns Jóhönnu Sigurðardóttur, sbr. þingskjal 941 til forsætisráðherra um skýrslu Ríkisendurskoðunar um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins árið 2000 óskaði ráðuneytið eftir því að Ríkisendurskoðun skilaði umsögn og greinargerð um efnisliði fyrirspurnarinnar.

Tilfni fyrirspurnar háttvirts þingmanns er væntanlega skoðun Ríkisendurskoðunar á starfi 51 nefndar sem starfandi voru á árinu 2000 og gerð er grein fyrir í skýrslu Ríkisendurskoðunar um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins árið 2000. Í úrtakinu voru þó ekki stjórnir stofnana, skólanefndir og bankaráð. Vegna þeirrar úttektar óskaði Ríkisendurskoðun m.a eftir að fá upplýsingar frá ráðuneytum um þau verkefni sem nefndirnar unnu að á árinu 2000 og hver árangur af starfi þeirra var. Niðurstaða þeirrar úttektar var að 18% þessara nefnda störfuðu ekkert á árinu 2000 og skiluðu engum árangri en með árangri er átt við að nefnd skili skýrslu, haldi reglulega fundi, afgreiði erindi o.s.frv. Í áðurnefndri skýrslu beindi Ríkisendurskoðun þeim tilmælum til ráðuneyta að árlega yrði farið yfir starfandi nefndir og ráð og metið hvort þær eru að skila einhverjum árangri og hvort í raun sé þörf á þeim. Ríkisendurskoðun hefur upplýsingar um að mörg ráðuneyti hafi farið að tilmælum stofnunarinnar og farið yfir starf nefnda á þeirra vegum.

Til að svara þeim spurningum sem fram koma í áðurnefndri fyrirspurn sendi Ríkisendurskoðun öllum ráðuneytum bréf þar sem óskað var eftir upplýsingum um það hvort einhverjar nefndir á vegum þeirra hafi ekki verið starfandi árið 2000 og ekki skilað árangri. Ef nefnd starfaði ekkert á árinu 2000 var farið fram á skýringar á því, hver áform um áframhaldandi starf hennar væru og hvort nefndarmenn þáðu þóknun fyrir nefndarsetu sína. Niðurstaða þeirrar úttektar, sem byggð er á svörum ráðuneytanna, er að 17 nefndir, ráð og stjórnir hafi ekki verið starfandi og ekki skilað neinum árangri á árinu 2000 eða um 2% þeirra.

Í meðfylgjandi fylgiskjali er að finna svör við einstaka töluliðum fyrirspurnarinnar en þau eru að öllu leyti fyrir utan lið 6 og 7 byggð á svörum ráðuneytanna.

Fylgiskjal.

Svar við töluliðum 1-5.

Eftirtaldar nefndir, skipt eftir ráðuneytum, störfuðu ekkert árið 2000 og skiluðu engum árangri:

Menntamálaráðuneyti

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar æskunnar: Formaður stjórnar var skipaður 21. maí 1998. Stjórnin hefur hvorki starfað né hafa nefndarmenn þegið þóknun frá því að formaður stjórnarinnar var leystur undan formennsku með bréfi dags. 10. október 1999. Skipunartímabil stjórnarinnar var 2 ár. Í nefndinni sátu: Bergþóra Jónsdóttir, Haraldur Árni Haraldsson og Emil Friðfinnsson.

Starfshópur sem fjallar um starfsþjálfunarstöður fyrir skipsstjórnar- og vélstjórnarnema um borð í kaupskipum: Nefndin starfaði ekkert árið 2000 en starfslok hennar var 1. maí 2000. Nefndarmenn fengu enga þóknun greidda. Í nefndinni áttu sæti: Guðjón Petersen, Hjördís Ásberg, Pálmi Hlöðversson, Vilmundur Viðar Sigurðsson, Ásgeir Guðnason, Jóhann Már Jóhannsson, Helgi Jóhannesson og Birgir Hólm Björgvinsson.

Landbúnaðarráðuneyti

Nefnd til að gera tillögu um viðauka um vistvæna mjólkurframleiðslu við reglugerð um vistvæna landbúnaðarframleiðslu: Nefndin var skipuð 6. október 1999. Ekki reyndist grundvöllur fyrir starfi nefndarinnar og er starfi hennar lokið. Engin nefndarlaun voru greidd. Nefndina skipuðu: Ólafur R. Dýrmundsson, Katrín Andrésdóttir, Ólafur Jónsson og Þórólfur Sveinsson,

Starfshópur sem fjalla átti um stuðning við lífræna landbúnaðarframleiðslu: Skipuð 22. mars 2000. Starfshópurinn hóf ekki störf. Engin nefndarlaun voru greidd. Starfshópurinn skipuðu: Sveinbjörn Eyjólfsson, Sigurgeir Þorgeirsson, Þórður Halldórsson, Guðni Einarsson, Gísli Sverrir Halldórsson og Hákon Sigurgrímsson.

Samstarfshópur til að koma í framkvæmd á næstu 5 árum tillögum um “Vistvænt Ísland”: Skipaður 11. febrúar 1999. Starf hópsins lá niðri á árinu 2000. Engin nefndarlaun hafa verið greidd. Starfshópurinn skipa: Hákon Sigurgrímsson, Ingimar Sigurðsson, Haukur Halldórsson, Kjartan Ólafsson og Ólafur Jónsson.

Samráðs- og stefnumótunarnefnd NASCO: Skipuð 22. ágúst 1998. Starf hennar lá niðri á árinu en nefndin er enn til staðar. Engin nefndarlaun hafa verið greidd. Nefndina skipa: Jón Erlingur Jónasson, Árni Ísaksson, Orri Vigfússon, Sigurður Guðjónsson, Þorsteinn Þorsteinsson og Ingimar Jóhannsson.

Verkefnisráð um þróun fiskeldis: Skipuð 18. apríl 1995. Nefndin starfaði ekki á árinu 2000. Nefndin er enn til staðar. Engin nefndarlaun hafa verið greidd. Nefndina skipa: Hörður Jónasson, Eiríkur Briem, Júlíus Jónsson og Ingimar Jóhannsson.

Sjávarútvegsráðuneyti

Ráðgjafarnefnd Hafrannsóknastofnunar: Ekki hefur verið skipað í nefndina frá 1996 en kveðið er á um hana í 15. gr. 1. nr. 64 /1965.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

Nefnd vegna könnunar á forsjár- og umgengismálum: Í maí 1997 var skipuð nefnd til þess að kanna eftirtalin atriði og gefa dómsmálaráðherra skýrslu um niðurstöður þeirrar könnunar:

1. Reynslu þá er fengist hefur af sameiginlegri forsjá hér á landi og annars staðar á Norðurlöndunum.
2. Hvort úrræði gildandi laga til að koma á umgengni foreldra og barna séu fullnægjandi, og ef ekki, hvaða leiðir komi þá til álita til úrbóta.
3. Hvaða upplýsingar og fræðsla standi foreldrum til boða í tengslum við skilnaðar-, forsjár- og umgengismál og hvernig auka megi þá fræðslu ef þess er talin þörf.
4. Hverjar séu raunverulega samvistir barna við það foreldri sem þau búa ekki hjá. Tilhögun könnunar skv. þessum lið verður í samráði við ráðuneytið.

Nefndin skilaði áfangaskýrslu til dómsmálaráðherra í júní 1999. Endanleg skýrsla hefur ekki borist en nefndinni voru ekki sett tímamörk. Störf nefndarinnar hafa legið niðri og ekki hefur verið tekin ákvörðun um áframhaldandi starf hennar. Í nefndinni eiga sæti 3 einstaklingar: Dögg Pálsdóttir, Oddný Vilhjálmisdóttir og Ólafur Þ. Stephensen. Nefndarmenn hafa ekki þegið laun fyrir árið 2000 eða síðar.

Nefnd til að fylgjast með framkvæmd laga um mannanöfn: Í lögum nr. 45/1996 um mannanöfn, segir í III. hluta ákvæða til bráðabirgða: „III. Dómsmálaráðherra skal, er lög þessi hafa tekið gildi, skipa þriggja manna nefnd er fylgist með framkvæmd laganna. Einn nefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu menntamálaráðuneytis. Nefndin skal skila greinargerð til ráðherra fyrir 15. september 1997 og tillögum um breytingar á lögnum eftir því sem nefndin telur nauðsynlegt, m.a. í ljósi þeirrar reynslu sem þá hefur fengist af lögnum. Nefndin skal leita álits Hagstofu Íslands.” Nefndin skilaði áfangaskýrslu til dómsmálaráðherra haustið 1996. Endanleg skýrsla hefur ekki borist frá nefndinni en henni voru ekki sett nein tímamörk. Var það mat nefndarinnar að erfitt væri að draga ályktanir af lagaframkvæmd fyrr en allnokkur reynslutími væri liðinn frá gildistöku nýju mannanafnalaganna, sem var 1997. Störf hennar hafa legið niðri og ekki hefur verið tekin ákvörðun um áframhaldandi starf hennar. Í nefndinni eiga sæti 3 einstaklingar: Dögg Pálsdóttir, Jónas Kristjánsson og Davíð Þór Björgvinsson. Nefndarmenn hafa ekki þegið laun fyrir árið 2000 eða síðar.

Félagsmálaráðuneyti

Nefnd til að endurskoða fyrirkomulag húsnæðismála námsmanna í framhaldsskólum: Skipuð 19. október 1998. Verkefni nefndarinnar runnu inn í starf nefndar til að endurskoða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Nefndin var því lögð niður og engin þóknun greidd til nefndarmanna. Nefndina skipuðu: Gísli Þór Magnússon, Hallgrímur Guðmundsson, Kristján Þór Júlíusson, Valgarður Hilmarsson og Hermann Sæmundsson.

Nefnd til að kanna launamun verkakvenna og verkakarla: Nefndin var skipuð 4. júní 1998. Ákveðið var í lok árs 1999 að endurskipuleggja nefndina á breiðari grundvelli. Óskað var á árinu 2000 eftir tilnefningum frá fleiri aðilum en áður voru í nefndinni. Tilnefningar bárust ekki og því var ákveðið á árinu 2002 að endurskipa ekki í nefndina. Engin þóknun var greidd til nefndarmanna. Nefndina skipuðu: Sigríður Lillý Baldursdóttir, Ágúst H. Elíasson og Edda Rós Karlsdóttir

Nefnd um hönnun bygginga með tilliti til aðgengis fatlaðra: Nefndin var skipuð í janúar 1991. Hlutverk hennar er að fjalla um hönnun bygginga með tilliti til aðgengis fatlaðra og að gera tillögur varðandi breytingar á opinberum byggingum með aðgengi fatlaðra í huga, í tengslum við endurbætur og endurbyggingu þeirra. Frá og með árinu 2000 hefur engin starfsemi átt sér stað á vegum nefndarinnar. Síðan þá hafa átt sér stað viðræður milli félagsmálaráðuneytis og umhverfisráðuneytis um að hið síðarnefnda ráðuneyti taki að sér verkefni umræddrar nefndar enda verkefnið samofið öðrum verkefnum umhverfisráðuneytis á sviði skipulags- og byggingarmála. Viðræður þessar hafa enn ekki skilað árangri en nú stendur fyrir dyrum endurskoðun byggingarlöggjafarinnar og mun félagsmálaráðuneytið leggja áherslu á að verkefni nefndarinnar verði komið með skýrum hætti inn í byggingarlög og byggingarreglugerð. Yrði nefndin í framhaldi af því lögð niður sem nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins. Í nefndinni eiga sæti 6 einstaklingar: Guðrún Jónsdóttir, Andrés Narfi Andrésson, Skúli Lýðsson, Kristinn Kristinsson, Sigurður Thoroddsen og Ólöf Ríkarðsdóttir. Þóknun til nefndarmanna var síðast greidd á árinu 1999.

Starfshópur til að safna upplýsingum um starfsemi ýmis konar hjálparmiðstöðva, athvarfa og áfangaheimila: Starfshópurinn var skipaður af félagsmálaráðherra í nóvember 1998 til að safna saman upplýsingum um starfsemi ýmiss konar hjálparmiðstöðva, athvarfa og áfangaheimila fyrir þá sem orðið hafa fyrir áföllum vegna neyslu vímuefna eða af öðrum ástæðum og reknar eru af einstaklingum, sjálfseignarstofnunum og trúfélögum. Í ljósi umfangs verkefnisins var ákveðið að Áfengis- og vímuvarnarráð tæki við verkefninu og annaðist úrvinnslu gagnanna og aðra nauðsynlega upplýsingaöflun um málefnið. Áfengis- og vímuvarnarráð hefur þetta verkefni nú með höndum og því hefur nefndin verið lögð niður. Nefndina skipuðu: Hrafn Pálsson, Snjólaug Stefánsdóttir, Sturlaugur Tómasson og Guðrún Ögmundsdóttir. Engin þóknun var greidd nefndarmönnum.

Fjármálaráðuneyti

Framkvæmdanefnd gegn skattsvikum: Nefndin var skipuð 10. nóvember 1997. Í nefndinni eiga sæti: Guðmundur Guðbjarnason, Jón Guðmundsson og Skúli Eggert Þórðarson. Ekki var um neinar greiðslur til nefndarmanna að ræða.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

Nefnd um endurgreiðslur v. kvikmynda- og sjónvarpsefnis: Nefndin var skipuð á grundvelli laga nr. 43/1999 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Ekki reyndist unnt að hefja endurgreiðslur á grundvelli laganna vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA, fyrr en eftir lagabreytingu 20. desember 2000. Með lagabreytingunni voru gerðar breytingar á nefndaskipan og því var ný nefnd

skipuð á árinu 2001. Eldri nefndin hóf þannig aldrei störf og fékk ekki greiðslur. Nefndina skipuðu: Kjartan Gunnarsson, Eggert J. Hilmarsson og Karitas Gunnarsdóttir.

Hagstofa Íslands

Nefnd um tölvunotkun við skil presta á skýrslum til Hagstofunnar: Nefndin hefur verið í biðstöðu meðan hliðstæð mál hafa verið til umfjöllunar í dómsmálaráðuneyti. Þar var skipuð sérstök nefnd til að gera tillögur að nýjum prestþjónustubókum og vottorðum fyrir þjóðkirkjuna. Þau verkefni fólu í sér verulega skörun við verkefni nefndar Hagstofunnar og er það meginskýringin á því að nefndin hefur ekki starfað. Í ljósi þessa hefur Hagstofa Íslands í hyggju að leysa nefndina formlega frá störfum. Enginn nefndarmaður þáði þóknun fyrir nefndarsetuna. Í nefndinni eiga sæti: Skúli Guðmundsson, Sr. Davíð Baldursson, Sr. Ólafur Oddur Jónsson og Sr. Axel Árnason.

Svar við tölulið 6.

Í lið 6 í fyrirspurn háttvirts þingmanns Jóhönnu Sigurðardóttur er óskað eftir upplýsingum um hve margir sem áttu sæti í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ríkisins árið 2000 voru í fleiri en einni nefnd og þá í hve mörgum nefndum sat hver þeirra. Þegar farið var í áðurnefnda úttekt var ætlunin að sýna umfangið á nefndarstarfi ríkisins og flokka nefndir, ráð og stjórnir eftir eðli þeirra verkefna sem þau voru að sinna. Ekki var skoðað sérstaklega hverjir áttu sæti í nefndunum eða hvort sami einstaklingur sæti í fleiri en einni nefnd. Ríkisendurskoðun getur því ekki svarað þessari fyrirspurn á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir hjá stofnuninni og notuð voru við úttektina.

Svar við tölulið 7.

Í lið 7 í fyrirspurn háttvirts þingmanns Jóhönnu Sigurðardóttur er óskað eftir upplýsingum um hver var hæsta heildarþóknun til eins og sama aðila af þeim sem sæti áttu í þeim 910 nefndum, ráðum og stjórnnum sem störfuðu á árinu 2000. Þegar tekin voru saman heildarlaun vegna nefndarstarfa hjá ríkinu var við úttektina lögð áhersla á að fá heildarfjárhæðir á hverja nefnd en ekki sundurliðaða fjárhæðir á einstaka nefndarmenn. Ríkisendurskoðun getur því ekki svarað þessari fyrirspurn á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir hjá stofnuninni og notuð voru við úttektina. Ef hins vegar aðeins eru skoðaðar launategundir 421 og 422 hjá launadeild ríkisbókhalds en á þá lykla eru færð um 45% af heildar nefndar- og stjórnarlausnum var hæsti einstaklingurinn með um 2.8 m.kr. í nefndarlaun á árinu 2000.